

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 606/2010**2012/EES/67/55****frá 9. júlí 2010****um samþykki á einfölduðu tæki sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol) hefur þróað til að áætla eldsneytisnotkun tiltekinna umráðenda loftfara sem losa lítið (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 14. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Altæk, samræmd, gagnsæg og nákvæm vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við viðmiðunarreglurnar, sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/589/EB frá 18. júlí 2007 um að setja viðmiðunarreglur um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽²⁾, eru grundvallaratriði fyrir skilvirkan rekstur kerfisins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda sem komið var á fót með tilskipun 2003/87/EB.
- 2) Í 3. mgr. 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB er þess krafist að frá og með 1. janúar 2010 skuli umráðendur loftfara vakta og gefa lögbæru yfirvaldi skýrslur á hverju almanaksári um magn losunar á koltvísyringi í flugferðum, sem voru farnar á þeirra vegum, í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem komið var á með ákvörðun 2007/589/EB.
- 3) Sérhver umráðandi loftfars skal útbúa og leggja vöktunaráætlun fyrir ábyrgðaraðildarríki sitt þar sem gerð er grein fyrir þeim ráðstöfunum sem umráðandinn ætlar sér að hrinda í framkvæmd til að vakta og gefa skýrslu um losun sína og lögbær yfirvöld ábyrgðaraðildarríkisins skulu samþykkja slíkar vöktunaráætlanir í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem komið var á með ákvörðun 2007/589/EB.
- 4) Með ákvæðum 4. hluta XIV. viðauka við ákvörðun 2007/589/EB er dregið úr stjórnsýsluálagi fyrir tiltekna umráðendur loftfara, sem bera ábyrgð á takmörkuðum fjölda flugferða á ári eða eru með litla losun koltvísýrings, með því að koma á einfaldaðri málsmeðferð til að áætla eldsneytisnotkun loftfara á þeirra vegum með því að nota tæki, sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol) hefur tekið upp eða önnur við

eigandi stofnun, sem geta tekið til meðferðar allar viðeigandi upplýsingar um flugumferð, s.s. þær sem aðgengilegar eru Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu, svo fremi að framkvæmdastjórnin hafi samþykkt þessi tæki.

- 5) Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu hefur tekið upp og skjalfest einfaldað tæki til að áætla eldsneytisnotkun og losun koltvísýrings í tilteknum flugferðum á milli flugvalla. Tæki þetta notar raunverulega lengd flugleiðar fyrir hverja flugferð á grundvelli yfirgripsmestu upplýsinga um flugumferð og rekstur flugferða sem nú eru fáanlegar og tekur til eldsneytisnotkunar á öllum stigum tiltekkins flugs, þ.m.t. notkun við brottfararhliðið, í akstri, landingu, flugtaki og farflugi sem og í aðgerðum rekstrarstjórnunar flugumferðar. Tækið notar tölfraðilega trausta reiknistuðla fyrir eldsneytisnotkun þeirra tegunda loftfara sem mest vægi hafa, sem og almennari nálgun fyrir önnur loftför til að ákvarða reiknistuðla fyrir eldsneytisnotkun sem fall af hámarksflugtaksmassa loftfarsins, en óvissustig þeirra niðurstaðna er viðunandi.
- 6) Tækið uppfyllir kröfurnar í viðmiðunarreglunum sem komið var á með ákvörðun 2007/589/EB að því er varðar nálgun á grundvelli stakra flugferða, raunverulegar lengdar flugleiðar og tölfraðilega trausta reiknistuðla fyrir eldsneytisnotkun. Því er rétt að tækið sé aðgengilegt og samþykkt til notkunar fyrir viðkomandi umráðendur loftfara til að gera þeim kleift að uppfylla skyldur sínar varðandi vöktun og skýrslugjöf með þeim hætti að dregið sé úr stjórnsýslubyrði þeirra.
- 7) Ástæður sem umráðandi loftfars fær ekki við ráðið gætu gert honum ókleift að vakta raunverulega eldsneytisnotkun fyrir tiltekna flugferð. Við slíkar aðstæður og þegar aðrar aðferðir til að ákvarða raunverulega eldsneytisnotkun eru ekki fyrir hendi er rétt að tækið, sem smálosendur nota til að áætla eldsneytisnotkun, sé einnig aðgengilegt fyrir aðra umráðendur loftfara til að ákvarða áætlaða eldsneytisnotkun fyrir tilteknar flugferðir ef gögn um raunverulega notkun vantar.
- 8) Í 6. hluta XIV. viðauka við ákvörðun 2007/589/EB er þess krafist að umráðandi loftfars, sem notar tæki til að áætla eldsneytisnotkun, sýni fram á það í vöktunaráætlun sinni að skilyrði fyrir smálosendur séu uppfyllt og leggi einnig fram staðfestingu og lýsingu á tækinu sem er notað.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 175, 10.7.2010, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 185/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 229, 31.8.2007, bls. 1.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Tæki til að áætla eldsneytisnotkun, sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol) ⁽¹⁾ þróaði og bauð til notkunar, er samþykkt til notkunar fyrir:

1. smálosendur sem uppfylla skyldur sínar varðandi vöktun og skýrslugjöf skv. 3. mgr. 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB og 4. hluta XIV. viðauka við ákvörðun 2007/589/EB,

2. alla umráðendur loftfara skv. 5. hluta XIV. viðauka við ákvörðun 2007/589/EB til þess að áætla eldsneytisnotkun í tilteknum flugferðum, sem falla undir I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, ef gögn, sem eru nauðsynleg til að vakta losun koltvísýrings, vantar af ástæðum sem umráðandi loftfars fær ekki við ráðið og þegar ekki er hægt að ákvarða eldsneytisnotkunina með annarri aðferð sem er skilgreind í vöktunaráætlun flugrekandans.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júlí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

⁽¹⁾ www.eurocontrol.int/ets/small_emitters